

Skeiða – og Gnúpverjahreppur

Tillaga að fjárhagsáætlun 2017-2020

Lögð fram til síðari umræðu

07.12.2016

Skeiða – og Gnúpverjahreppur Fjárhagsáætlun 2017

Helstu forsendur áætlunar :

Aðalsjóður- skatttekjur :

Reiknað er með útsvarstekjur nemi 2017 kr 243.9 mkr nemur sú hækkun um 38,3 mkr frá því sem áætlað er að þær tekur verði á árinu 2016 mkr. Forsendur eru byggðar á upplýsingum frá sambandi íslenskra sveitarfélaga. Helgast hækkunin fyrst og fremst af fjölgun íbúa og hækkun meðaltekna.

Áætlun um fasteignaskatt er byggð á bráðabirgðaálagningu á fasteignamati og útgefni hækkun frá Þjóðskrá á fasteignamati heilt yfir í sveitarfélaginu sem gildir fyrir árið 2017 og er áætlað að hann hækki um 6,5 mkr og verði um 193,7 mkr.

Framlög úr Jöfnunarsjóði eru áætluð samkvæmt upplýsingum frá sjóðnum 64,1 mkr.

Aðalsjóður-rekstur málaflokka :

Rekstur einstakra málaflokka hefur verið yfirarinn með því að taka út stöðu einstakra málaflokka í lok september 2016 og aftur í nóvember. Voru stöður bornar saman við stöðu á sömu árstímum á árinu 2015. Leitast er við að námunda líklega útgjöld til ársloka 2016. Einstakir liðir í fjárhagsáætlun hafa takið mið af því. Samráð var haft við stjórnendur einstakra rekstrareininga hjá sveitarfélaginu. Reiknað er með að verðlagsbreytingar verði 3,9 % á árinu 2017. Í námunda við spár Sambands íslenskra sveitarfélaga en þar er áætlað að almenn hækkun verði 3,9 %. Í sumum tilvikum er ástæða til að hækkun verði með öðrum hætti. Gert er ráð fyrir 6,3 % hækkun launa í öðrum deildum en grunnskóla. Í grunnskóla er tekið mið af þeim kjarasamningi sem undirritaður hefur verið af Samninganefnd sveitarfélaga og Kennarasambandi Íslands og bíður samþykka meðal kennara. Sú hækkun nemur 10,8 %.

Þær þjónustutekjur sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlaðar með hliðsjón af fasteignamati og gjaldskrá. Lagt er til að gjaldskrá sorpþjónustu veðri hækkuð um 10 %.

Aðalsjóður – fjármunatekjur og fjármagnsgjöld :

Gert er ráð fyrir vaxtatekjum af innistæðum og að sama skapi er gert ráð fyrir vaxtagjöldum og verðbólgtum af langtímalánum. Áætlað er að verðbólga verði 3,9 % á árinu 2017. Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtatekjur af langtímakröfum aðaalsjóðs á eignasjóð og þjónustustöð og B-hlutastofnanair og færast það sem vaxtagjöld hjá viðkomandi stofnunum.

Önnur atriði :

Gengið er út frá því að afborganir af lánum sem sveitarfélagið er greiðandi að verði í samræmi við skilmála þeirra.

Eignasjóður – rekstur :

Þar færast til tekna leigutekjur frá aðalsjóði. Útreikningur er byggður á leigu sem áætluð er fyrir árið 2016 og er hún hækkuð um 2,0 % en það er áætluð verðbólga á árinu 2016. Haft var þar samráð við endurskoðendur KPMG.

Bein rekstrargjöld svo sem viðhald, fasteignagjöld og tryggingar færast beint til gjalda.

Eignasjóður – fjármunatekjur og fjármagnsgjöld :

Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld af langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána.

Eignasjóður : Fjárfestingar og lántökur :

Gert er ráð fyrir fjárfestingu í eignasjóði að fjárhæð 36,0 mkr. 2 mkr vegna Skeiðalaugar. 3 mkr vegna frágangs lóðar við Brautarholt. Gatnagerð 24,0 mkr. Að frádregnum gatnagerðargjöldum. Lokagreiðsla vegna kaupa á iðnaðarhúsnæði fyrir áhaldahús. 5.985 þkr. Fjallaskálar 1 mkr.

Gert er ráð fyrir að eftir standi 5,0 mkr vegna fráveituverkefnis á Brautarholti. Sem greiða þurfi fyrri hluta árs 2017.

Tillaga er um að leggja 10 mkr til kaupa á leiguíbúðum.

Fjárfestingaáætlun		
Eignasjóður		þkr
Skeiðalaug		2.000
Brautarholt félagsheimili		3.000
Gatnagerð –nettó		24.000
Iðnaðarhús		5.985
Fjallaskálar		1.000
A hluti samtals	35.985	
Fráveita á Brautarholti		5.000
Leiguíbúðir	10.000	
Samtals		51.985

Ekki er gert ráð fyrir lántökum í áætluninni. Ef til bygginga á leiguíbúðum kemur, er reiknað með að leggja þurfi fram sérstaka áætlun þar um. Ef til vill kemur þá til lántöku.

Þjónustustöð- Áhaldahús

Við áætlun þjónustumiðstöðvarinnar er miðað við að kostnaði stofnunarinnar sé deilt út á aðra málaflokka og stofnanir, þar sem starfsmaður þjónustumiðstöðvar vinnur að þjónustu við þær. Skammtímaskuld hefur myndast við aðalsjóð þar sem ekki hefur verið öllum kostnaði deilt þar út.

B-hluta stofnanir :

Félagslegar íbúðir :

Gert er ráð fyrir hagnaði á rekstri að fjárhæð 0,23 mkr að teknu tillit til framlags frá Aðalsjóði að fjárhæð 1,6 mkr. Sjóðstreymi sýnir að 1,0 mkr vanti til að rekstur standi undir sér. Umsadar afborganir nema 0,4 mkr. Styrkur er veittur úr aðalsjóði til að deildin standi undir skuldbindingum sínum.

Fráveita :

Gert er ráð fyrir taprekstri að fjárhæð 6,3 mkr. Aðalsjóður veitir framlag 1,5 mkr til stuðnings rekstrinum. Afskriftir nema 3,4 mkr Að teknu tilliti til þess vantar 1,4 til rekstrarins. Umsamdar afborganir langtímalána nema um 1,2 mkr. Byggt verður upp fráveitukerfi í Brautarholtshverfi 2016-2017. Með tilkomu þess verður innheimt fráveitugjald. Rekstur deildarinnar verður tekinn til endurskoðunar.

Hitaveita :

Áætlað er að hitaveita skili hagnaði um 0,44 mkr. Það gengur til hækkunar handbærs fjár.

Leiguíbúðir :

Gert er ráð fyrir að rekstur leiguíbúða verði bókhaldslega í járnum eða um 26 þkr tap. 1,7 mkr. Eins og áætlun um sjóðstreymi gefur til kynna. Hugmyndir um að fjárfesta í leiguíbúðum árinu 2017.

Fjarskiptafélag Skeiða – og Gnúpverjahrepps :

Félagið starfar undir sér kennitölu. Það hefur verið starfrækt síðan 2012. Gert er ráð fyrir tekjum í félaginu að fjárhæð 7,4 mkr á árinu 2017. Ca 1,9 mkr eru áætlaðar í rekstrarkostað og ófyrirséð. Að teknu tilliti til fyrninga 4,2 mkr er áætlað bókhaldslegt tap 2,0 mkr.

Vatnsveita :

Gert er ráð fyrir að hagnaður nemi um 2,3 mkr. Umsamdar afborganir langtímalána nema um 1,8 mkr. Framkvæmdir að fjárhæð 12 mkr fóru fram á árinu 2012 og lánaði aðalsjóður fyrir þeim.

Helstu niðurstöður :

Samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings er tekjuafgangur á samstæðu rektrarins árið 2017 áætlaður 32,3 mkr.

Samkvæmt sjóðstreymi nemur veltufé frá rekstri 56,7 mkr. Sem ganga til afborgana lána og til ráðstöfunar í fjárfestingar. Afskriftir nema 23,8 mkr. Samkvæmt samningum um endurgreiðslu lána er afborgun ársins 2017 áætluð um 3,1 mkr. Áætlað er að handbært fé nemi um 20,9 mkr í árslok 2017. Áætlað er að veltufé frá rekstri nemi 49,2 mkr eða 9,8 %

Veltufjárhlutfall 2017 er áætlað 0,78 og eiginfjárhlutfall 79 %

Fjárhagsáætlun áráanna 2018- 2020

Tekjur af fasteignaskatti eru áætlaðar þær sömu og 2017, sem og framlög úr jöfnunarsjóði. Lagt er til að útsvarsprósenta verði lækkuð um 0,5 % árið 2018 og veðri 13,98 % og lækki aftur um 0,5 % 2019 og verði 13,48 % árin 2019 og 2020 tekið er mið af því í áætluninni. Aðrar tekjur eru áætlaðar þær sömu og 2017. Útgjöld eru áætluð þau sömu. Áætlað er út frá því að rekstrarniðurstaða verði jákvæð um 21.760 þkr 2018, 12.201 þkr 2019 og 11.728 þkr 2020. Áætlað er að virði eigna muni aukast og muni nema 808.558 þkr í lok árs 2020. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 42.586 þkr 2018, 34.293 þkr 2019 og 34.438 þkr árið 2020. Veltufjárhlutfall 2020 er áætlað 1,02 árið 2020 og eiginfjárhlutfall 81 %. Rétt er að benda á hafa í huga að ekki er tekið mið af því að fasteignagjöld muni aukast vegna fasteignagjaldsbærra mannvirkja sem eru í byggingu í Búrfelli 2. Líklegt er að þær tekjur komi inn seinni hluta 2018.

Helstu tölur í áætlun áráanna 2017-2020 eru eftirfarandi í þkr :

	2017	2018	2019	2020
Tekjur	575.411	566.989	558.569	558.569
Gjöld	- 540.018	- 540.764	- 541.764	542.514
Fjarmagnsliðir	- 3.093	-4.465	-4.603	-4327
Rekstrarafgangur	32.300	21.760	12.201	11.728
Eigið fé	611.730	633.490	645.692	657.419

